

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Holtsbúð og Ásbúð.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til eru göturnar Ásbúð og Holtsbúð en byggð þar reis á árunum 1973-1982. Við gerð tillögunnar hefur verið leitast við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi Ásbúðar og Holtsbúðar en auk þess eru nú sett ákvæði um nýtingarhlutfall íbúðarhúsa. Alls eru 180 íbúðir innan skipulagssvæðisins á 142 lóðum. Gert er ráð fyrir breyttri aðkomu og landnotkun á lóðinni Holtsbúð 87 og lóð fyrir dælustöð fyrir stofnlögn hitaveitu við Hnoðraholtbraut.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 23. ágúst 2017.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. ágúst 2017